

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/897
komudagur 29.1.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 28. jan. 2004

Efni: Stjórnarfrumvarp um breyting á lögum um ársreikninga nr. 144/1994

Frumvarpið felur í sér að lög um ársreikninga eru löguð að þeim breytingum sem átt hafa sér stað í löggjöf ESB um ársreikninga. Breytingarnar varða matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálastofnana. Í ESB tóku þessar breytingar gildi með tilskipun nr. 2001/65/EB og var hún felld inn í EES-samninginn með samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002. Samkvæmt tilskipuninni ber breytingunum að taka gildi á reikningsárinu sem hefst 1. janúar 2004 eða síðar á því ári.

Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í þeirri nefnd sem vann að samningu frumvarpsins og lýsa stuðningi við þær breytingar sem í frumvarpinu felast.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri